

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 23. september 2021: Fyrirspurn Fulltrúa Flokks fólksins - R21090215

Farið er yfir skýrslu könnunar sem kallast Snjöll og jöfn, (Tengsl fjölbreyttra þarfa fólks á ferðinni og snjallra ferðamáta), sem var unnin í júní–ágúst 2021 og var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, Rannís og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Í henni kemur fram að haldin var hugmyndakeppnin Borgarhakk til að finna framtíðarlausnir fyrir þjónustu Reykjavíkurborgar. Keppnin var á vegum Snjallborgarinnar, en Snjallborgin var verkefni á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Snjallborgin setti af stað ýmis tilraunaverkefni í Reykjavík en mörg þeirra voru ekki klárað (Oskar Sandholt, munnleg heimild, 15. júní, 2021). Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um þessi ókláraðu tilraunaverkefni. Hvaða verkefni er hér verið að vísa til? Óskað er upplýsinga um hvert og eitt og hvað sett var mikið fé í hvert tilraunaverkefni sem síðan var ekki klárað? Óskað er lýsingar á hverju verkefni fyrir sig, hvert var markmið þess og tilgangur?

R21090215